

Náms- og kennsluáætlun í ensku

5. bekkur 2024 – 2025

Kennari/kennarar:

Alexandra Þorsteinsdóttir	alexandra.thorsteinsdottir@rvkskolar.is
Brynja Eiríksdóttir	brynja.eiriksdottir@rvkskolar.is
Ragnheiður Mjöll Baldursdóttir	ragnheidur.mjoll.baldursdottir@rvkskolar.is

Námsgrein

Tungumálanám verður sífellt mikilvægara eftir því sem samskipti þjóða aukast. Í námsgreininni ensku er lögð áhersla á að efla færni nemenda í öllum þáttum tungumálsins: lestri, ritun, hlustun og töluðu máli. Einnig er leitast við að nemendur kynnist menningu enskumælandi landa, kunni að nota tungumálið í raunverulegum aðstæðum og viti hvað er við hæfi við tiltekna aðstæður. Umfjöllun um menningu annarra landa er til þess fallin að auka víðsýni, skilning og umburðarlyndi gagnvart öðrum.

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskragrsk_erlend_mal.pdf

Námsefni

Yes we can 5 lesbók
Yes we can 5 verkefnabók
Ýmis verkefni frá kennara
Enskuleikir
https://skolavefurinn.is/sites/default/files/_vefsidur/enskur-malvisir/ensk-malfraedi.vefur_is/index.html#reglur
<https://www.gamestolearnenglish.com/>
Skólavefurinn

Kennsluaðferðir / leiðsagnarnám

Í skólanum er unnið í anda leiðsagnarnáms sem byggir á fimm stöðum. Saman leiða þær að jákvæðari námsmenningu þar sem verkefni eru fjölbreytt, mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr. Skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og kennarar leggja áherslu á leiðsagnarmat, leiðbeinandi endurgjöf. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Sjá frekari upplýsingar [á þessari vefslóð](#).

Námsmat/endurgjöf

Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum er ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Form námsmatsverkefna eru fjölbreytt og taka mið af vinnusemi, ástundun, virkni, vinnubrögðum, framförum nemenda og félagsfærni. Í námsmati er einnig tekið tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Hægt er að fylgjast með námsframvindu nemenda jafn og þétt yfir skólaárið inn á Mentor og birtist hún með eftirfarandi táknum:

 Framúrskarandi  Góð hæfni  Hæfni náð  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð

Stefna skólans og sveitarfélagsins:

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á leiðsagnarnám sem útskýrt hefur verið hér að framan. Við skipulag kennslunnar er einnig hugað að einkunnarorðum skólans sem eru: Ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur þar sem ánægður nemandi sem nálgast námið af áhuga og ábyrgð nær árangri. Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fimm meginþætti, félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði en þættirnir tengjast viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þá sérstaklega grunnþáttum menntunar (sjá hér fyrir neðan) auk leiðsagnarnáms.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í allt skólastarf en áherslur hafa verið lagðar fyrir hvert fag á hverju skólastig. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Horft er til eftirfarandi þátta þegar verkefni eru sett upp og metin.

Grunnþættir menntunar í erlendum tungumálum	
Grunnþáttur	Áhersluþættir 5. - 7. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	- sýnir frumkvæði, - tekur þátt í samvinnuverkefnum, - fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum,
Jafnrétti	- sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum, - fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra, - tekur tillit til skoðana annarra,

Lýðræði og mannréttindi	- kemur fram við samstarfsfólk sitt af tillitssemi, - vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, - vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt, - temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,
Læsi	- les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem unnið hefur verið með, - nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,
Sjálfbærni	- tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans, - þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,
Sköpun	- virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við úrlausn verkefna, - nýtir hæfileika og skapar afurð.

Lykilhæfni

Í ensku er einnig horft til lykilhæfni við skipulag kennslunnar. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi sjá nánar [á þessari vefslóð](#).

Námsaðlögun:

Leitast er við að mæta þörfum allra nemenda. Fyrir sterka námsmenn þýðir það halda eins langt og hægt er og fyrir seinfæra þýðir það hugsanlega meiri stuðning innan og/eða utan kennslustofu. Nemendur hafa ólíka hæfileika, áhugamál og þarfir og því er reynt mæta eins og kostur er.

Kynning á náms- og kennsluáætlun

Náms- og kennsluáætlanir Árbæjarskóla eru öllum aðgengilegar á vefsíðu skólans frá og með 27. sept 2024 og tilkynning um birtingu þeirra er send foreldrum.

Stefna og reglur námsgreinarinnar

Samskipti	Einkennast af virðingu
Mæting	Allir mæta á réttum tíma með bækur, tölvu, skriffæri og önnur nauðsynleg gögn.
Virkni í tímum	Nemendur nýta kennslutímann vel og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og ganga jafnframt frá kennslugögnum í lok kennslustundar. Lögð er áhersla á virkni nemenda í tímanum og samtal við kennara/samnemendur um námið.
Skil á verkefnum - sein skil	Nemendur fylgja fyrirmælum skv. leiðbeiningum sem fylgja hverju verkefni sem lagt er fyrir. Nemendur fá tækifæri að skila verkefni í síðasta lagi í tímanum eftir skil. Verkefni eru ekki metin ef skilað er seint.

Ritstuldur/svindl/notkun gervigreindar	Ekkert af þessu verður liðið í verkefnaskilum.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	www.mms.is (hljóðbækur og efni tengt námsbókum) www.skolavefurinn.is (fjölbreyttar æfingar) https://skolavefurinn.is/sites/default/files/_vefsidur/enskur-malvisir/ensk-ma-lfraedi.vefur_is/index.html#reglur
Skyldur nemenda	Nemendur mæta undirbúnir í tíma, hafa farsíma og önnur tæki (þ.m.t. heyrnartól) í símateppi, fylgja fyrirmælum og fylgjast með heimavinnu á www.infomonitor.is / google classroom.
Skyldur kennara	Kennarar mæta undirbúnir í tíma, eru með skýrar áætlanir, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og leiða nemendur áfram í náminu.
Stoðþjónusta nemenda	www.mms.is , undir námsefni - stærðfræði, er hægt að hlusta á lesbókina sem hljóðbók.
Hlutverk foreldra	Foreldrar hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum (úr Aðalnámskrá).

Mánuður	Helstu markmið	Verkefni og viðfang	Kennsluefni – aðföng	Hæfniviðmið
Ágúst	Nemandinn :		Ýmist efni. Aukaefni í ensku í vetur verða ýmsar léttlestrarbækur með vinnubókum til að auka við lesskilning Gagnvirkar æfingar til að æfa stafsetningu Málfræðihefti	Meta færni hvers og eins. Allan veturinn: Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum. Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. Unnið vel og farið eftir fyrirmælum.

September	Nemandinn: Þekkir sagnorðin <i>can</i> og <i>can't</i> og geta notað þau í setningar. Getur samið setningar sem innihalda <i>can</i> og <i>can't</i>	Verkefni: Verkefni í yes we can	Yes we can Kafli 1 What's your sport?	Skilið einfalt talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega. Lesið sér til gagns stutta og auðlesna texta. Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl.
Október	Nemandinn: Þekkir tölustafina og geta notað þá í töluðu og rituðu máli. Þekkir litina og geta nýtt sér þá þekkingu í töluðu og rituðu máli. Þekkir og getur notað sögnina <i>to be</i> í nt. og þt. Þekkir og getur notað sögnina <i>to have</i> í nt. Getur spurt og svarað spurningunum <i>who are you?</i> og <i>do you?</i>	Verkefni Hlustunaræfingar <i>Who are you?</i> <i>Do you?</i> <i>Have you?</i> <i>Are you?</i> <i>Can you?</i> <i>To be.</i> <i>To have.</i> Tölustafir. Litir.	Yes we can Kafli 1 What's your sport? og Kafli 2 Wizards and witches Aukaverkefni eftir þörfum: Málfræðihefti Vinnublað um tölustafi. Vinnublað um liti.	Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl. Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans á skiljanlegu máli.

Nóvember	Nemandinn: Getur notað ákveðinn greini, <i>the</i> Getur nota óákveðinn greini, <i>a</i> og <i>an</i>. Kann fleirtöluendingu nafnorða, <i>-s</i>, <i>-es</i> og <i>-ies</i>. Þekkir hugtökin <i>this</i> og <i>that</i>. Þekkir helstu orðin yfir algengan fatnað Þekkir muninn á reglulegum og óreglulegum sögnum. Þekkir endinguna <i>-ed</i> og <i>d</i> í reglulegum sagnorðum. Þátíð reglulegra sagnorða.	Verkefni: • <i>a</i> og <i>an</i> • <i>-s</i>, <i>-es</i> og <i>-ies</i> • <i>This</i> and <i>that</i> • Fatnaður • <i>-ed</i> og <i>d</i>	Yes we can Kafli 2 Wizards and witches Málfræðihefti Léttlestrarbækur og vinnuhefti Gagnvirkar æfingar	
Desember	Nemandinn: Þekkir og getur notað sagnorðið <i>have</i> í nt. Og þt. Þekkir helstu orðin yfir algeng húsgögn. Þekkir helstu orðin og hugtökin í kringum jólin Getur lýst fólki, hlutum og stöðum	Verkefni: Jólaenska Húsgögn Have í nt. Og þt.	Jólaenska Aukaverkefni eftir þörfum Málfræðihefti Léttlestrarbækur og vinnuhefti Gagnvirkar æfingar	Samið og ritað einfalda texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans á skiljanlegu Könnun Hlustun og ritunarvinna í tímum
Janúar			Yes we can Kafli 3 A trip to London	

Febrúar		DESCRIPTIONS : Að lýsa fólki, hlutum og stöðum t.d. Have or has, He's= he is = he has, ýmsar eyðufyllingar og lesinn texti.	Yes we can Kafli 4 Wild animals Málfræðihefti Léttlestrarbækur og vinnuhefti Gagnvirkar æfingar	
Mars		Routines and Habits: Að geta lýst, sagt frá og útskýrt hversdags venjur. Klukkan. Sagnorð í nútíð. s-myndin í þriðju persónu eintölu nútíð. Neitanir: don't/doesn't	Yes we canKafli 5 passion Málfræðihefti Léttlestrarbækur og vinnuhefti Gagnvirkar æfingar	
Apríl		Likes and Dislikes: Að geta tjáð eigin skoðanir og spurt hvað öðrum finnst. Spurningar með do/does. Játandi og neitandi svör, t.d. Yes, I do. No I don't. Yes, he does . No he dosen't. Neitanir :Don't/doesn't.	Yes we can Kafli 6 Collectors Málfræðihefti Léttlestrarbækur og vinnuhefti Gagnvirkar æfingar	
Maí		Put it in print: Að geta skrifað ýmiskonar skilaboð. Tímaforsetningar. Raðtölur(1st, 2nd, 3rd...). Klukkan, töluorð, dagsetningar og stafrófið.	Yes we can Kafli 7 Save the oceans Málfræðihefti Léttlestrarbækur og vinnuhefti Gagnvirkar æfingar	Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans á skiljanlegu Samið og ritað einfalda texta þar

		Sagnir í nútíð.		sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
--	--	-----------------	--	--